

Nd.

79. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sameining Dalasýslu og Strandasýslu (stjfrv. 22).

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp sams efnis samdi milliþinganevnd sú, er skipuð var 9. des. 1914, til þess að íhuga launamálið og eftirlauna o. fl. Nefnd þessi segist þó ekki hafa leitað *»undirtekta hlutadeigandi sýslunefnda eða sýslumanna um þetta mál, en hún litur svo á, að vilji landsstjórnin flylja málið fyrir þinginu, muni hún áður undirbúa það með því, ef henni svo sýnist, að leita álits þeirra, er málið varðara.* (Skýrsla nefndarinnar bls. 260).

Allsherjarnefnd telur, eins og launamálanefndin frá 1914 virðist líka álíta, ekki rjett að ráða þessu máli til lykta á Alþingi, fyr en viðkomandi sýslunefndum hefir verið veittur kostur á því að láta uppi álit sitt um málið. Þetta hefir stjórnin ekki gert, þótt vel hefði hægt verið. Leyfir nefndin sjer því að leggja það til:

Að málinu verði frestað, þar til stjórnin hefir veitt sýslunefndum Dalasýslu og Strandasýslu kost á að láta uppi álit sitt á því.

Alþingi, 14. júlí 1919.

Einar Arnórsson, Magnús Guðmundsson,
form. og framsögum. skrifari.

Einar Jónsson. Þorleifur Jónsson.

Pjetur Ottesen,
með fyrirvara.